


✉ Re: Umsagnarbeiðni

Búið til	8.3.2021 15:26:45
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	8.3.2021 15:26:44
Tilheyrir	 202102-0036 - Umsagnarbeiðni vegna breytingar á Arnstapavegi í Þingeyjarsveit

Efni

Re: Umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Sent	8.3.2021 15:26:44	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0036 (OKV, RTh)

Vegna tilkynningar vegna breytinga á Arnarstapaveg (8660-01), Þingeyjarsveit.

Þann 18. febrúar 2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands gæfi umsögn um hvort og á hvaða forsendum fyrirhugaðar breytingar Vegagerðarinnar á Arnarstapavegi í Þingeyjarsveit teldust háðar mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun óskaði eftir því að í umsögninni kæmi fram „eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.“ ... og „hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Um framkvæmdina:

Samkvæmt tilkynningu Vegagerðarinnar þ. 22. janúar 2021 var Arnarstapavegur (8660-01) í Þingeyjarsveit nýverið tekinn inn á Vegaskrá og voru í kjölfarið unnar á honum endurbætur. Samhliða var ráðist í „smávægilega færslu vegarins af umferðaröryggisástæðum til þess að færa hann fjær farvegi Kambsá“ líkt og kemur fram í tilkynningu. Færslan er við Kambsá í landi Litlu-Tjarnar þar sem hann tengist hringvegi og er tilgangur hennar fyrst og fremst að bæta umferðaröryggi. Samkvæmt því sem þar kemur fram er um að ræða 150 m langan kafla næst Hringvegi. Er vegurinn 5 m breiður og 0,6 m hár og er heildarefnismagn í veg um 450 m³. Gamli vegurinn er jafnaður út og afmáður og ekkert rask er utan við nýja og gamla veginn. Loks er tekið fram að færslan sé „*mínniháttar og í samræmi við gildandi aðalskipulag*“.

Í tilkynningu segir svo að „*Vegna misskilnings var farið í umfangsmeiri færslu og hún framkvæmd án samráðs við sveitarfélag og Umhverfisstofnun. Einnig láðist að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar... Framkvæmdasvæðið er innan svæðis Ljósavatns sem er á náttúruminjaskrá (nr. 520).*“ Svo segir enn fremur: „*Vegagerðin biðst afsökunar á því og tilkynnir hér með framkvæmdina með þeim rökum að hún sé umferðaröryggi til bóta. Framkvæmdin er tiltölulega lítil, á sléttum mel og mun hafa hverfandi áhrif á landslag og engin á önnur verndargildi svæðisins.*“ Fylgdi með skýringarmynd sem gerir gróflega grein fyrir umfangi færslunnar.

Um gróður á svæðinu:

Sá hluti Arnarstapavegar sem hér um ræðir er innan *Ljósavatns*, svæðis nr. 520 á náttúruminjaskrá undir flokknum „aðrar náttúruminjar“ en um svæðið segir á vef Umhverfisstofnunar:

520. Ljósavatn, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.

(<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordausturland/>)

(<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordausturland/>)

Í lýsingunni er ekki minnst á votlendi en nokkuð víðfeðmt votlendi er á milli Stóru-Tjarna og Ljósavatns. Vestan Arnarstapavegar er votlendið samsett af blautum flóum næst tjörnunum, mýrum er fjær dregur og loks deiglendi er nær dregur Arnarstapavegi og Hringvegi. Samkvæmt gróðurkortu er gróðurlendi næst nýja vegstæðinu blanda af graslendi, deiglendi og votlendi. Graslendi er næst Kambsá, deiglendi er fjær dregur og flóar taka við af deiglendi. Vistgerðakort af þessu svæði gerir gróðurfari því miður ekki nægilega góð skil þar sem runnategundir í mýrlendi gera það að verkum að það flokkast sem ýmsar gerðir mólendis.

Á svæðinu eru ekki þekktir vaxtarstaðir válistaplantna.

Niðurstaða:

Líklegt þykir, af gróðurkortu og myndum að dæma, að gróður á vegstæðinu sé grösugur og að áhrifa votlendis gæti aðeins lítillega innan þess og þá helst á syðsta hluta vegstæðisins. Stofnunin getur því ekki tekið undir lýsingu Vegagerðarinnar að framkvæmdin sé einungis „á sléttum mel“ ef verið er að vísa í gróðurfari með þeirri lýsingu. Því til staðfestingar er meðfylgjandi mynd af umræddu svæði (skjámynd fengin af ja.is) þar sem sést greinilega hversu vel gróið það er.



Afar líklegt er að á vegstæðinu séu vistgerðir með hátt verndargildi en sökum þess að vegkaflinn er fremur stuttur raskar framkvæmdin tiltölulega litlu svæði. Þá er ólíklegt að blautari votlendisvistgerðum og samfelldu votlendissvæði, sem mundi heyra undir 61. gr. laga um náttúruvernd, verði raskað við framkvæmdina.

Náttúrufræðistofnun telur því framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum hvað gróður og vistgerðir varðar **að því gefnu að ekki sé um að ræða frekari breytingar á umræddum vegi en settar voru fram á skýringarmynd Vegagerðarinnar**. Væri afar óheppilegt að raska því samfellda votlendi sem er aðliggjandi við Arnarstapaveg meira en orðið er en votlendið hlýtur að teljast drjúgur þáttur í verndargildi svæðisins þótt því sé ekki gert hátt undir höfði í lýsingu í náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni
Date: 18.2.2021 15:27:25

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna breytingar á Arnstapavegi í Þingeyjarsveit ásamt greinargerð. Frestur til að skila inn umsögn er til 8. mars n.k. Gögnin verða eingöngu send rafrænt í samræmi við beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Með kveðju/Kind regards,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Tinna.Jonsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.jpg (12 KB)

image002.png (11 KB)